



UMHVERFISSTOFNUN

## ÚTGÁFA STARFSLEYFIS FYRIR THORSIL EHF.

### AUGLÝSING, MÓTTAKA ATHUGASEMDA VIÐ TILLÖGU AÐ STARFSLEYFI OG VIÐBRÖGÐ UMHVERFISSTOFNUNAR VIÐ ÞEIM

Thorsil ehf. hefur áform um rekstur kísilverksmiðju á lóð við Berghólabraut 8 á iðnaðarsvæðinu í Helguvík. Tillaga að starfsleyfi var auglýst á tímabilinu 28. maí til 23. júlí 2015. Fimm umsagnir bárust. Þær fjölluðu bæði um efnisleg atriði tillögunnar, villur í textanum og stjórnsýslu Umhverfisstofnunar.

Í textanum hér á eftir eru athugasemdirnar eftir atvikum ekki birtar í heild, heldur eru þær stytta og endursagðar.

#### Thorsil:

Thorsil sendi umsögn þar sem gerðar eru athugasemdir við einstakar greinar.

#### Grein

- 1.2 Leiðréttu þarf fjölda ljósbogaofna en nota á fjóra slíka
  - Fallist er á þetta.
- 1.5 Gerð er athugasemd um orðalag og lagðar til orðalagsbreytingar
  - Farið var yfir textann og honum breytt í nokkrum atriðum.
- 1.6 Bent á tvítekningu á texta um að fara skuli eftir lögum og reglum
  - Tvítekningin hefur verið fjarlægð
- 2.1 Bent á tvítekningu í textanum um að starfsmenn séu þjálfaðir til að bregðast við mengunaróhöppum
  - Þetta hefur verið lagfært.
- 2.2 Lagt er til að orðalag og málfar verði lagfært og tvítekning felld út
  - Þetta hefur verið lagfært.
- 2.5 Lagt er til að tvítekning verði felld út á einni setningu um þekkingu starfsfólks á eitrunarhættu en setningin kemur fyrir í grein 2.3
  - Þetta hefur verið lagfært.
- 2.6 Benta er á að laga tilvísun (grein 2.5 ekki grein 2.4)
  - Þetta hefur verið lagfært.
- 2.7 Gerð er tillaga um orðalagsbreytingu

- Tillagan er samþykkt.
- 2.8 Bent er á að trygging eigi að vera jafnvirði 1 milljónar SDR (bæta inn orðinu „jafnvirði“)
- Tillagan er samþykkt.
- 3.1 Uppfæra þarf tilvísanir í BAT og vísa í grein 1.6 í stað 1.7
- Tilvitnunin hefur verið tekin út.
- 3.2 Taka burt tilvísun í síló því sum síló eru lokuð
- Tilvísunin er tekin út til einföldunar.
- 3.4 Lagt til breytt orðalag á greininni
- Ákveðið hefur verið að greinin sé samhljóða grein í starfsleyfistillögu Norðuráls Grundartanga: „Helstu rykupsprettur skulu vera með virkar mengunarvarnir sem uppfylla kröfur um bestu fánlega tækni.“
- 3.6 Bent á að taka út tvítekningu um umhverfismörk
- Samþykkt
- 3.7 Breyta texta um sex klukkustunda rykmælingu yfir í : þrjár 30 mínútna eða lengri dreifðar mælingar yfir sex klukkustunda tímabil
- Textinn verður felldur út. Nægjanlegt er að miða við daglegt meðaltal eða meðalgildi hverrar lotu eins og þegar stendur í textanum.
- 3.8 Gerð tillaga um að rykmörk 3,0 kg/tonn og brennisteinstvíoxíð 15,0 kg/tonn fari út og í stað þess komi mörk fyrir heildarlosun sem gefur sömu niðurstöðu fyrir 110.000 tonna framleiðslu, þ.e.
- Í þessu tilfelli eru mörkin sótt í önnur starfsleyfi til samræmis og með tilliti til þess að um nýja verksmiðju er að ræða.
  - Engin ástæða er til að breyta þessu, enda er ætlunin að góð tækni verði notuð í verksmiðjunni.
  - Sjá athugasemd Skipulagsstofnunar. Mörkin fyrir brennistein voru ein af þeim tillögum sem Skipulagsstofnun gerði og taldi mikilvæga forsendu í umfjöllun sinni.
- 3.9 Farið er fram á að mörk séu endurskoðuð fyrir eftirfarandi þungmálma: As, Pb, Cd, Cu, Cr, Hg og Zn. Tillaga Thorsil er að mörk fyrir þessi efni falli niður. Tilgreind eru rök um að ekkert áhættumat hafi farið fram um mengun vegna þessara efna, þá er stungið upp á að mörkin fari eftir reglugerð nr. 990/2008, um útstreymisbókhald. Í sumum tilfellum hefur þó Thorsil stungið upp á öðrum mörkum.
- Ekki verður talið að losun umræddra efna séu laus við umhverfisáhrif, það er einungis spurning um umfang þeirra áhrifa miðað við magn.
  - Það að áhættumat skorti ber engan veginn að túlka svo að þar með sé ekki þörf á að takmarka losun fyrr en sönnun sé færð á umhverfisáhrifin. Fremur væri eðlilegt að rekstraraðili reyndi að sýna fram á skaðleysi losunarinnar telji hann slíkt eiga við en að hann túlki skort á upplýsingum sem tilefni til minni krafna af hálfu Umhverfisstofnunar.
  - Umhverfisstofnun bendir á að í matsskýrslu setur fyrirtækið fram eftirfarandi orð í matsskýrslu Thorsil, bls. 19:

- „Öll verksmiðjan verður hönnuð í samræmi við nýjustu og bestu fánlegu tækni (BAT), sem tryggir gæði þeirrar vöru sem framleidd er. Strax í upphafi er gert ráð fyrir reykhreinsivirkjum af nýjustu gerð og reykháfum til að lágmarka áhrif útblásturs á umhverfið. Thorsil er íhaldssamt í áætlunum um hráefnanotkun og orkuþörf til að gefa sem raunsæjast mat á þeim aðstæðum sem kunna að skapast þegar nýr aðili hefur starfsemi á nýjum stað. Öll hráefni eru sérvalin til að tryggja gæða- og umhverfisviðmið fyrirtækisins. Markmiðið er að verða í fremstu röð kísilmálmframleiðenda með tilliti til umhverfis, öryggis og gæða.“
- Eðlilegt er að líta til þeirrar verklýsingar sem farið hefur í mat á umhverfisáhrifum. Það er sú viðmiðun sem Umhverfisstofnun kys hér að halda sig við þar sem ekki eru aðrar viðmiðanir að byggja á.
- Mörk í reglugerð nr. 990/2008, um útstreymisbókhald, þjóna ekki því hlutverki að vera neins konar staðbundið áhættumat. Þessi mörk snúa að upplýsingagiöf Íslands og annarra EES landa til Evrópuskrár yfir losun og flutning mengunarefna og hafa ekki gildi fyrir staðbundna losun.

Eins og áður segir er aðaltillaga Thorsil að mörkin falli niður. Hér á eftir er tekið mið af varatillögum Thorsil.

- i. As mörk hækki úr 6,0 kg/ári og í 20 kg/ári (varakrafa Thorsil sem er sú sama og arsenmörk í reglugerð nr. 990/2008).
  - Mörkin eru í starfsleyfinu ákvörðuð út frá upplýsingum í töflu 3.6 í matsskýrslu og ætti losun að vera auðveldlega undir þessum mörkum ef forsendur matsskýrslu um 0,1 % ryklosun eru réttar.
  - Niðurstaðan er að Umhverfisstofnun hafnar því að víkka mörkin enda byggir stofnunin niðurstöðu sína á þeim gögnum sem fyrir liggja.
- ii. Pb mörk fari úr 4,5 kg/ári í 20 kg/ ári (varakrafa Thorsil, 10% af mörkum miðað við reglugerð nr. 990/2008).
  - Mörkin eru í starfsleyfinu ákvörðuð út frá upplýsingum í töflu 3.6 í matsskýrslu og ætti losun að vera auðveldlega undir þessum mörkum ef forsendur matsskýrslu um 0,1 % ryklosun eru réttar.
  - Niðurstaðan er að Umhverfisstofnun hafnar því að víkka mörkin enda byggir stofnunin niðurstöðu sína á þeim gögnum sem fyrir liggja.
- iii. Cd hækki úr 2,5 kg/ári í 10 kg/ári (varakrafa Thorsil til samræmis við mörk í reglugerð nr. 990/2008).
  - Mörkin eru í starfsleyfinu ákvörðuð út frá upplýsingum í töflu 3.6 í matsskýrslu og ætti losun að vera auðveldlega undir þessum mörkum ef forsendur matsskýrslu um 0,1 % ryklosun eru réttar.
  - Niðurstaðan er að Umhverfisstofnun hafnar því að víkka mörkin enda byggir stofnunin niðurstöðu sína á þeim gögnum sem fyrir liggja.
- iv. Cu mörk hækki úr 3,0 kg/ári í 50 kg/(varakrafa Thorsil til samræmis við 50% af mörkum í reglugerð nr. 990/2008).

- Mörkin eru í starfsleyfinu ákvörðuð út frá upplýsingum í töflu 3.6 í matsskýrslu og ætti losun að vera auðveldlega undir þessum mörkum ef forsendur matsskýrslu um 0,1 % ryklosun eru réttar.
  - Niðurstaðan er að Umhverfisstofnun hafnar því að víkka mörkin enda byggir stofnunin niðurstöðu sína á þeim gögnum sem fyrir liggja.
- v. Cr mörk hækki úr 2,0 kg/ári í 50 kg/ári (varakrafa Thorsil til samræmis við 50% af mörkum í reglugerð nr. 990/2008).
- Mörkin eru í starfsleyfinu ákvörðuð út frá upplýsingum í töflu 3.6 í matsskýrslu og ætti losun að vera auðveldlega undir þessum mörkum ef forsendur matsskýrslu um 0,1 % ryklosun eru réttar.
  - Niðurstaðan er að Umhverfisstofnun hafnar því að víkka mörkin enda byggir stofnunin niðurstöðu sína á þeim gögnum sem fyrir liggja.
- vi. Hg mörk hækki úr 2,0 kg/ári í 10 kg/ári (varakrafa Thorsil til samræmis við mörk í reglugerð nr. 990/2008). Í tillögu Umhverfisstofnunar var lagt til að mörkin yrðu 2,0 kg. Einnig er bent á matsskýrslu.
- Með tilliti til töflu 3.6 í matsskýrslu er fallist á að mörk fyrir kvikasilfur (Hg) hækki í 3,0 kg/ári. Tekið er tillit til þess að rykhreinsun hefur sáralítil áhrif á losun kvikasilfurs.
- vii. Zn mörk hækki úr 13,0 kg/ári í 100 kg/ári (varakrafa Thorsil til samræmis við 50% af mörkum í reglugerð nr. 990/2008).
- Umhverfisstofnun ákvað að auglýsa í starfsleyfistillögu að mörk fyrir heildarlosun á ári séu 13,0 kg fyrir sink. Í töflu 3.6 í matsskýrslu er áætlað að við 0,5% ryklosun á ári sé losun efnisins áætluð 6,4 kg og ef ryklosun er 0,25% sé losun efnisins áætluð 3,2 kg. Einnig er litið til þess að ryklosun er í raun áætluð 0,1%, nánar tiltekið á bls. 25 í matsskýrslu stendur að „losun ryks um skorsteina [getur] verið um eða jafnvel undir 0,1% af heildarrykmyndun í framleiðsluferlinu“.
  - Þau viðmið sem stofnunin setur eru því langt yfir þeirri losun sem rekstraraðili reiknar með og hefur gefið upp í matsskýrslu. Litið er til þess að tölur geta verið ónákvæmar og breytilegar en það er mat stofnunarinnar er að frekari frávik myndu fela í sér frávik frá forsendum matsskýrslu.
  - Niðurstaðan er að Umhverfisstofnun hafnar því að víkka mörkin enda byggir stofnunin niðurstöðu sína á þeim gögnum sem fyrir liggja.
- viii. Lagt er til að B(a)P mörkin hækki í 5,0 kg/ári, í starfsleyfistillögu eru þau 2,0 kg/ári. Matsskýrsla gefur til kynna að losunin sé áætluð 3 kg/ári.
- Í tillögu Umhverfisstofnunar var litið til sambærilegra marka hjá Stakksbraut 9.
  - Umhverfisstofnun hefur ákveðið að hækka mörkin og miða við 3,0 kg/ári samanber töluna í matsskýrslu.

3.12 Óskað er eftir breytingum á orðalagi (fyrirvaralaust verður fyrirvaralítið) og bent á endurtekningu

- Ekki þykir ástæða til þess að breyta orðalaginu varðandi fyrirvara enda er merkingin nánast sú sama.
- Breytingar samþykktar varðandi endurtekninguna.

3.14 Lagt er til að heimild Umhverfisstofnunar „til að takmarka reksturinn ef ekki er tiltækur kaupandi fyrir kísilduft þar til viðunandi lausn hefur fengist“ verði felld út. Ekkert fordæmi og mismunun fyrir hendi.

- Hér er um að ræða heimild sem Umhverfisstofnun áskilur sér og hyggst setja í starfsleyfi í sambærilegum tilfellum. Sjónarmið um mismunun á ekki að hindra að ákveðin þróun eigi sér stað við samningu starfsleyfa.
- Umhverfisstofnun vill benda á að ef starfsemi hættir skyndilega og eftir verður mikið kísilduft er óráðstafað í geymslu, kann að vera til staðar mikið vandamál. Þetta er ástæðan fyrir því að komið getur til þess að uppfæra þurfi áætlun um rekstrarstöðvun.
- Ekki er með þessu ákvæði um að ræða sjálfvirka höfnun á því að til geymslu efnisins getur komið ef tiltækur kaupandi er ekki fánlegur. Hvert tilfelli verður metið fyrir sig.
- Orðalagsbreytingar hafa verið gerðar og ekki er þar sérstaklega minnst lengur á heimild til að takmarka reksturinn, enda er í starfsleyfinu sérstakur kafli um valdsvið og þvingunarúrræði.

#### Landvernd og Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands

Athugasemdin er annars vegar í nokkrum liðum sem fjalla um málsmeðferð. Þar koma í aðalatriðum fram eftirfarandi sjónarmið:

- Lög nr. 106/2000 ber að skýra með hliðsjón af tilskipun nr. 2011/92/ESB og Árósamningnum. Það hefur í för með sér að mati samtakanna að fara ber með starfsleyfisumsóknina samkvæmt á grundvelli laga nr. 106/2000.
  - Tilskipun nr. 2011/92/ESB hefur verið innleidd í íslenskan rétt sbr. lög nr. 138/2014, um breytingu á lögum nr. 106/2000.
  - Umhverfisstofnun hefur umsagnarhlutverk eftir því sem við á, sjá t.d. 5. mgr. 10. greinar laga nr. 106/2000.
  - Árósamningurinn var innleiddur í íslenskan rétt árið 2011. Laga- og reglugerðarvaldið í landinu ber ábyrgð á því að koma þeirri kærheimild til leiðar sem samningurinn kveður á um. Lög um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 130/2011 voru meðal annars sett til þess að uppfylla kröfurnar.
  - Stofnunin getur því ekki tekið undir það að hún hafi ekki sinnt lögboðnum skyldum sínum.
- Dregið er í efa að starfsleyfisumsóknin hafi verið kynnt almenningi nógu snemma. Fullyrt er að slík kynning hefði átt að fara fram á fyrri stigum málsins. Rætt er um að „nær fullbúið starfsleyfi“ hafi verið kynnt almenningi.
  - Umhverfisstofnun bendir á að ákvörðun hefur ekki verið tekin í máli með því að auglýst er tillaga að starfsleyfi. Tillaga að starfsleyfi er aðeins ein varðan á leiðinni. Mörg dæmi eru um það í sambandi við útgáfu starfsleyfa að stofnunin hafi gert breytingar á afstöðu sinni að fengnum athugasemdum við tillögu enda er það

tilgangurinn með þessu verklagi. Með auglýsingu á starfsleyfistillögu er einmitt verið að vinna í þeim anda að óskað er eftir sjónarmiðum sem nýtast við endanlega ákvörðun. Tilhögun þessarar vinnu er lýst í reglugerð og hún er því ekki háð sérstakri ákvörðun Umhverfisstofnunar.

- Rétt er að geta þess að almenningur getur komið að athugasemdum á öðrum stigum málsins, svo sem vegna skipulagsmála og mats á umhverfisáhrifum.
- Þá eru athugasemdir um samlegðaráhrif með öðrum rekstri á svæði. Talið er að frekari rannsóknar sé þörf á samlegðaráhrifum og sérstaklega tilgreint að samlegðaráhrif séu við Keflavíkflugvöll. Gerð er krafa um að Umhverfisstofnun hlutist til um málið með því að málið sé rannsakað áður en til útgáfu starfsleyfis komi en að öðrum kosti verði synjað um útgáfu leyfisins.
  - Rétt er að benda á að völlum er þrátt fyrir allt í nokkurri fjarlægð frá iðnaðarsvæðinu í Helguvík. Það er í höndum heilbrigðisnefndar á svæðinu að veita (eða ekki) starfsleyfi fyrir flugvöllinn og það er ekki í valdi Umhverfisstofnunar.
  - Starfsleyfi er veitt eftir að mat á umhverfisáhrifum hefur fram á vegum Skipulagsstofnunar en ekki á undan. Í mati á umræddri framkvæmd komu ekki fram athugasemdir um áhrif flugvallarins. Samkvæmt 12. grein laga nr. 106/2000, er það skilyrði fyrir endurskoðun umhverfismats að forsendur hafi breyst. Ef framkvæmdir hefjast ekki innan tíu ára má samkvæmt sömu grein óska eftir nýrri ákvörðun Skipulagsstofnunar sem og ef aðstæður breytast. Einnig kann að vera að frekari endurupptökuheimild sé fyrir hendi samkvæmt stjórnsýslulögum. Ákvörðun um slíka aðgerð er í höndum Skipulagsstofnunar og Umhverfisstofnun hlutast ekki til um endurskoðun ákvörðunar.
  - Bent skal á að nálægð framkvæmdarinnar við byggð gefur tilefni til strangra skilyrða í starfsleyfi.
  - Umhverfisstofnun er í samráði við fleiri aðila að beita sér fyrir mælingum á loftgæðum, eins og fram kemur síðar í þessari greinargerð.

### United Silicon

Gerður er samanburður á losunarmörk kísilvera Stakksbrautar 9 og Thorsil ehf. í Helguvík. Gerð er athugasemd við mörk rekstraraðila að þau séu hærri hjá Thorsil, sérstaklega varðandi kadmíum.

- Álykta má að í nokkrum þáttum hafi Thorsil tilkynnt í mati á umhverfisáhrifum um framkvæmd sem valdið gæti meiri losun en áformuð framkvæmd Stakksbrautar 9.
- Ef atvinnurekstur er háður mati á umhverfisáhrifum á að taka fullt tillit til niðurstöðu matsins áður starfsleyfið er gefið út. Um þetta er mælt fyrir í gr. 15.9 í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.
- Losunarmörk fyrir kadmíum eru ákvörðuð út frá gögnum sem koma fram í matsskýrslu en einnig er litið til þess að viss frávík geta orðið frá svona áætlunum. Séu þau frávík of mikil verður þó starfsleyfið ekki samrýmanlegt við matsskýrslu og það er ekki forsvaranlegt.

Í athugasemdinni eru síðan eftirfarandi þrjú atriði talin athugunarverð:

- Í fyrstu athugasemdinni segir að með tilkomu kísilverksmiðjanna auk álvers Norðuráls í Helguvík aukist hætta á að mengun verði umfram áætlað þynningarsvæði og þá fyrst og fremst vegna losunar á brennisteini (SO<sub>2</sub>). Bent er á möguleiki er á að mengun fari yfir

umhverfismörk innan þynningarsvæðisins. Í athugasemdinni segir að þynningarsvæði sé skilgreint út frá flúormengun. Þá er lagt til að kannað sé hvort sérstaklega þurfi að skilgreina þynningarsvæði fyrir Thorsil. Bent er á skaðsemi SO<sub>2</sub> mengunar.

- Litið er á þynningarsvæðið fyrir starfsemi Norðuráls Helguvík ehf. sem svæði þar sem umhverfismörk og viðmiðanir á loftgæðum eru ekki uppfyllt að öllu leyti. Þynningarsvæði Norðuráls Helguvíkur ehf. nær aðeins yfir flúor en ekki önnur efni.
- Ef rekstaraðili óskar eftir þynningarsvæði þegar sótt er um starfsleyfi, tekur Umhverfisstofnun afstöðu til þess við meðhöndlun umsóknarinnar.
- Umhverfisstofnun skilgreinir ekki þynningarsvæði ef ekki er um þau sótt og er fremur andvíg slíkum ráðstöfunum en hitt, enda eru mikilvægar viðmiðanir um loftgæði settar til hliðar með slíkum svæðum.
- Í næstu athugasemd er vikið að mikilli þörf á vinnuafli. Í ljósi breytts ástands á vinnumarkaði er að mati United Silicon ástæða til þess að Umhverfisstofnun krefjist þess að áhrif á samfélagið verði endurmetin.
  - Umhverfisstofnun hlutast ekki til um endurskoðun niðurstaðna Skipulagsstofnunar með þessum hætti.
- Í þriðju athugasemdinni eru reifaðar áhyggjur af afkastagetu Helguvíkurhafnar við að sinna tveimur kísilverksmiðjum og einu álveri.
  - Starfsleyfi Umhverfisstofnunar snýr að umhverfismálum og sérstaklega að mengunarmálum. Afkastageta hafnar er ekki metin af Umhverfisstofnun.

### Skipulagsstofnun

- Í umsögn Skipulagsstofnunar kemur fram að losunarmörk fyrir kvikasilfur veki athygli en þau séu undir áætlun um losun sem fram kemur í matsskýrslu.
  - Þessu hefur verið breytt. Losunarmörk verða 3,0 kg/ári.
- Í athugasemdinni segir að það sama gildi um blý ef miðað er við 1% ryklosun
  - Umhverfisstofnun telur að það sama gildi ekki um blý ef litið er á það hvernig upplýsingarnar koma fram í töflu 3.6 í matsskýrslu og í kafla 3.6.3. Ryklosun ætti að vera vel undir 1 % og eins og kemur fram í svörum vegna athugasemda Thorsil á að vera hægt að komast undir 0,1 % ryklosun eins og kemur fram í þessum sama kafla í matsskýrslunni. Þar með ætti blýlosunin ekki að vera meiri en 1-2 kg/ári þegar allt er í lagi og mörkin 4,5 kg/ári hljóta að vera sanngjörn í því samhengi þar sem þau gera ráð fyrir að viss frávik geti orðið frá áætlunum.
- Minnt er á að áliti Skipulagsstofnunar lauk með þremur atriðum. Fyrsta atriðið var að losun Thorsil á brennisteinstvíoxíði þarf að vera undir 15 kg/tonn, a.m.k. þar til vöktun leiðir í ljós að mögulega verði hægt að rýmka losunarheimildir.
  - Umhverfisstofnun notar einmitt þessi losunarmörk.
- Annað atriðið snýr að því að í vöktunaráætlun verði gert ráð fyrir mælistöð vegna loftmengunar í þeirri línu sem teygir sig að þéttbýlinu í Reykjanesbæ samkvæmt líkanreikningum.
  - Þetta atriði verður tekið fyrir í sambandi við gerð vöktunaráætlunar og ekki er þörf á því að fastbinda ákveðna staðsetningu til frambúðar í starfsleyfi.
- Þriðja atriðið snýr að því að uppsöfnun á helstu þungmálum í mosum á svæðinu verði mæld með reglulegum hætti.
  - Þetta atriði verður tekið fyrir í sambandi við gerð vöktunaráætlunar og ekki er þörf á því að festa þessar rannsóknir með starfsleyfi.

## Reykjanesbær

Lýsir ánægju sinni með að loftgæðamælistöð komi hjá hesthúsahverfinu á Mánagrund.

- Loftgæðastöðvar eru ákveðnar í vöktunaráætlun.
- Æskilegt er að fyrsta vöktunaráætlunin og útgáfa starfsleyfis séu að mestu unnin samhliða.
- Sjá annars kafla hér að neðan um stöðu mála varðandi vöktunaráætlun.

Starfsleyfi Thorsil ehf. gildir til 11. september 2031. Auk ofangreindra viðbragða við athugasemdum er gerð lítilsháttar lagfæring á grein 1.1. Þá hafa mælikröfur verið skýrðar nánar varðandi þungmálma. Þá eru minniháttar breytingar á framsetningu og í fylgiskjölum.

### VÖKTUNARÁÆTLUN : STAÐA MÁLA

Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að vöktunaráætlun jafnhliða auglýsingu á starfsleyfistillögu. Við útgáfu starfsleyfis, 11. september 2015, var staða þessarar vinnu sem hér segir:

Á auglýsingatíma barst krafa frá Reykjanesbæ um vöktun loftgæða í hesthúsahverfinu á Mánagrund. Auk þess telur Umhverfisstofnun að vakta þurfi þungmálma í loftgæðastöðvum. Enn er ekki ljóst að hvaða marki vöktun verður sameiginleg með öðrum iðjuverum á Helguvíkursvæðinu.